

Síldarvinnslan hf - Seyðisfirði
Strandarvegi 1-11
710 Seyðisfjörður

Egilsstaðir, 7.9.2023
UST202301-163/F.Æ.
08.10.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olúgeymum - Síldarvinnslan á Seyðisfirði

Umhverfisstofnun barst þann 31. ágúst sl. þykktarmælingar á tveimur lýsisgeymum Síldarvinnslunnar á Seyðisfirði. Geymarnir eru annars vegar nr. 1 og hins vegar nr. 2.

Þykktarmælingar framkvæmdi Hans Ragnar Ragnarsson starfsmaður SR-Vélaverkstæðis þann 14.11.2022. Notaður var ultrasonic Steelage þykktarmælir, raðnr. 1089.

Fram kemur í skýrslu SR-Vélaverkstæðis að „botn í tanka 1 er mun þykkri.“ Botn tanks 1 mældist 7,6 - 8,2 mm en botn tanks 2 mældist 4,0 - 4,9 mm. Mæld efnisþykkt í neðra umfari lýsistanks 1 er 8,4 - 9,7 mm og mæld efnisþykkt í neðra og efra umfari lýsistanks 2 er 9,7 - 10,4 mm.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Kristín Kröyer
Sérfræðingur